

Kæru foreldrar/ forráðamenn

**Þann 1. desember ætlar Kirkjukór Möðruvallaprestakalls og Barnakórar Þelamerkurskóla að halda sameiginlega aðventutónleika í Möðruvallakirkju kl. 16.**

Mæting fyrir barnakórana er kl. 15. Nemendur verða ekki í búningum en mega endilega vera í einhverju rauðu eða með eitthvað rautt á sér. Eftir tónleikana ætlar sóknarnefndin að bjóða uppá smá hressingu í leikhúsinu.

**Sameiginleg æfing fyrir alla kórana verður laugardaginn 30. nóv frá kl. 10-12.**

Það er mjög mikilvægt að börnin mæti á æfinguna því þetta er eina æfingin sem við fáum með undirleikurum. Einnig þarf að ákveða staðsetningu kóranna til að koma í veg fyrir kraðak og óþarfa tíma í að raða upp á tónleikunum sjálfum. Það eru 50 nemendur í kórnum plús kirkjukórinn þannig að það þarf að skipuleggja vel hvar hver á að standa.

Hlakka mikið til þessarar stundar ☺

Bestu kveðjur

Sigga Hulda